

Forseti Alþingis,
sendiherra,
hússtjórn og aðrir góðir gestir.

Ég þakka þann heiður sem mér hlotnast með því að mér er falið að taka hér til máls á sumarhátíð í Jónshúsi. Ég hef grun um að sú hugmynd sé frá þingforseta komin af því tilefni að ég læt af starfi mínu nú í lok ágúst, ég sé hingað kallaður „líkt og í kveðjuskyni“ eins og segir í frægri rímu. Við Steingrímur J. Sigfússon höfum átt langa samleið í þinghúsinu heima á Fróni, í 36 ár eða svo. Og við höfum skokkað saman mörgum stundum úti við. Allt hefur þó sinn tíma segir Predikarinn.

Ég hef í starfi mínu hjá Alþingi haft mikil afskipti af Jónshúsi, meðal annars af rekstri þess, sem stundum var erfiður og átakasamur, – svo mjög að eitt sinn var til álita hvort Jónshús væri ekki betur komið sem aðsetur sendiráðs á vegum utanríkisráðuneytisins en sem félags- og menningarmiðstöð Íslendinga, rekin af Alþingi. Svo fór sem betur fer ekki. Ég var líka ritari úthlutunarnefndar fræðimannsíbúðarinnar og átti þá langt og eftirminnilegt samstarf við tvo yndislega formenn, fyrst dr. Þóri Kr. Þórðarson guðfræðiprófessor, sem nú er látinn, og svo dr. Jakob Yngvason eðlisfræðing, prófessor í Vínarborg. En umfram allt geymi ég í hjarta mínu sérstaka tilfinningu til Jónshúss, sem ég kem að í lok þessa máls.

Rekstur Jónshúss hefur tekið miklum breytingum síðan hann hófst í september 1970; sumpart er það vegna breyttra þjóðfélagshátta. Hér lágu þá frammi íslensk dagblöð og tímarit, hér mátti horfa á sjónvarp, kaupa veitingar og setjast að snæðingi. Allar hafa þessar þarfir breyst á hálfri öld. Um og upp úr aldamótum tókst Karli M. Kristjánssyni stjórnarformanni og Jóni Runólfssyni, nýjum forstöðumanni, ekki aðeins að koma húsinu sjálfu í gott horf, heldur búa svo um starfsemi þess og rekstur að hæfði nýjum tíma og breyttum þörfum. Að þessu búum við nú, og við þessar aðstæður vinnur núverandi forstöðumaður af þryði, stjórnar hér gróskumikilli starfsemi og ræktar arfinn frá Jóni Sigurðssyni og Ingibjörgu Einarsdóttur, konu hans. Jónshús er það athvarf Hafnar-Íslendinga sem aðrir horfa öfundaraugum til. Þegar ég lít til baka vil ég ekki gleyma löngu samstarfi við Kristínu Bonde bókavörð sem var eins og tengdamóðir þessa húss.

Fyrst í stað átti þingið samvinnu við þjóðkirkjuna um rekstur Jónshúss með því að íslenski sendiráðspresturinn hér í Höfn var jafnframt umsjónarmaður hússins með búsetu og starfsaðstöðu á 4. hæðinni. Það var þangað sem ég kom fyrst í húsið. Ég vil sérstaklega minnast farsæls samstarfs við þau séra Lárus Guðmundsson og Sigurveigu, konu hans, en þau voru einstakt reglufólk í víðum skilningi þess orðs. Á þessu samstarfi við kirkjuna hefur orðið breyting, en tengslin eru ekki með öllu rofin, safnaðarstjórn hittist hér, kirkjukórinn æfir hér og hér er messukaffið. – Og svo hefur þessi árlega Jónshátíð bæst við á sumardaginn fyrsta, allt frá árinu 2008 í sendiherratíð Svavars Gestssonar, sem aldrei getur setið auðum höndum eins og við mörg þekkjum.

Mér verður við þetta tækifæri hugsað til gefanda hússins, Carls Sæmundsens, stórkaupmanns og þess hugar sem knúði hann til að kaupa húsið og gefa það Íslendingum. Í raun ætti að vera í þessum sal stór mynd af danska kaupsýslumanninum, sem þó var alla tíð íslenskur ríkisborgari, bar í brjósti eilífa ást til Íslands – og lét svo á gamals aldri draum sinn rætast í minningu Jóns Sigurðssonar. Einhvern tíma var hér uppi lágmynd af þeim Carli og Johanne, danskri konu hans, sem studdi og umbar þessa áttahagatryggð eiginmanns síns. Mér skilst að sú mynd fari bráðlega aftur upp á vegg, og er það vel.

Á áttæðisafmæli sínu í febrúar 1966 tilkynnti Carl sendiráðinu hér um gjöf sína, og samdægurs svaraði Alþingi, þáði hana og þakkaði veglyndi gjafarans fögrum orðum. Á þjóðhátíðardegi sama ár fór fram athöfn í Alþingishúsinu heima þar sem Carl Sæmundsen undirritaði og afhenti Alþingi gjafabréfið að viðstöddum forsetum þingsins og skrifstofustjóra, með brjóstmyndina af Jóni Sigurðssyni í baksýn. Á þessum árum var sá siður að forsætisráðherra flutti þjóðhátíðarræðu sína af svölum þinghússins yfir mannfjöldanum á Austurvelli. Og þegar Bjarni Benediktsson hafði lokið ávarpi sínu að því sinni gekk Benedikt Gröndal, varaforseti neðri deildar, út á svalir þinghússins, tilkynnti um gjöfina, kallaði síðan Carl Sæmundsen fram og bað mannfjöldann hylla þennan góð vin Íslands. Og mér mætti segja að það hafi verið stór stund fyrir hinn gamla Húnvetning sem kvaddi landið 19 vetra stúdent 1905 og fór til Hafnar að læra augnlækningar. Örlögin bjuggu honum þó aðra braut.

Þótt búsetu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur lyki hér í húsi 1879, og þar með því veisluboði sem þar hafði staðið um aldarfjórðungs skeið fyrir íslenska stúdenta og framsækna frelsisunnendur, og þar með hefði óeiginlegu sendiráði Íslands í Höfn verið lokað um sinn, þá lifði tign og helgi þessa húss í hugum Íslendinga sem búsettir voru hér eða áttu leið um þessa borg. Steindór Steindórsson frá Hlöðum, grasafraeðingur og skólameistari M.A., hefur lýst því þegar hann kom fyrst til Hafnar upp úr 1930, þá hafi það verið skylduverk að fara að Austurvegg 12 og skoða húsið þar sem Jón forseti bjó og lagði á ráðin um framtíð lands og þjóðar. Á ársafmæli lýðveldisins, að nýloknu heimsstríði, söfnuðust Íslendingar saman við húsið og afhjúpuðu þá koparplötu sem er hér enn á stafni hússins. – En húsið var áfram í leigu fyrir íbúa hér í borg, og ótengt Íslandi að því leyti. Og það var ekki alltaf í góðri hirðu er árin liðu, eins og verða vill. Og svo kemur Carl Sæmundsen til sögunnar, kaupir húsið og gefur það ættlandi sínu, og felur Alþingi það til varðveislu. Hvers vegna Alþingi, hví ekki forsætis- eða utanríkisráðuneyti eða sendiráðinu hér? Hvað tengdi betur saman Jón Sigurðsson og Ísland en einmitt Alþingi þar sem Jón var forustumaður frá upphafi og forseti þess meðan krafta hans naut við? Það dreif á eins og stundum ella og voru erfiðir tímar á Íslandi þegar Alþingi tók við gjöfinni, síldarleysi, hafís og gengisfall, en þingið sýndi þann myndarskap að taka lán í Danmörku og gera húsinu til góða svo að sómi yrði að og það yrði síðan menningarmiðstöð Íslendinga í Kaupmannahöfn, félagsheimili í anda Jóns og Ingibjargar, Íslands kulturhus. Tveir heiðursmenn áttu hér meiri hlut

að en aðrir, Birgir Finnsson, forseti sameinaðs þings, og Gunnar Thoroddsen sendiherra.

Við erum öll alin upp við aðdáun og mikla dýrkun á Jóni Sigurðssyni. Hann stendur keikur á Austurvelli, andspænis Alþingishúsinu, í þinghúsinu er áður nefnd brjóstmynd hans og eina málverkið sem hangir upp í þingsalnum er af honum. Jón Sigurðsson hefur varla nokkru sinni sætt efa eða aðfinnslum á þeim póstmóðernísku tímum sem við lifum; ekki einu sinni 68-kyngslóðinni tókst að hrinda honum af stalli. Megas fer mildum orðum um hann, „nakinn í rauðum slopp og brúkaði gylltan kopp“ segir þar góðlátlega. Það er helst að femínistar hafi minnt okkur á að hann stóð ekki einn, átti sér öfluga stoð í eiginkonu sinni, Ingibjörgu Einarsdóttur, sem bjó löndum sínum veisluborðið.

Á þessu er eðlileg skýring. Þótt Jón Sigurðsson hefði aldrei gefið sig að stjórnámálum hefði orðstír hans orðið mikill, því að hann var einn merkastur fræðimaður Íslendinga og útgefandi sögulegra heimilda fyrr og síðar, eins og Fornbréfasafn, Lovsamling for Island, Safn til sögu Íslands og útgáfur hans á íslenskum fornritum bera vitni um, auk annarra starfa hans í Bókmenntafélaginu. Hann var sannur vísindamaður, brautryðjandi og sá fremsti á sínu sviði um sína daga. En hann brann líka fyrir framtíð Íslands, helgaði því krafta sína frammar öllu öðru. Framtíðarsýn hans, eins og það nú heitir, var skýr: Ísland skyldi verða frjálst og fullveðja ríki sem réði málum sínum sjálf, enda væri það undirstaða framfara og búsetu og mannlífs í landinu.

Menn gera sér ekki allir grein fyrir því nú hve róttæk stefna Jóns Sigurðssonar var á miðri 19. öld. Hann byggði málflutning sinn löngum á sögulegum rökum sem dönskum lögspekingum tókst ekki að hrekja, en umfram allt á þeirri trú að frelsi færði okkur bjarta framtíð og gróandi þjóðlíf. En erfiðust reyndist Jóni og Íslendingum sú vantrú sem danskir stjórnámálamenn, og e.t.v. fleiri evrópskir ráðamenn, höfðu á því að svo lítil þjóð og fátæk ætti nokkra lífsvon án gildari stoðar.

Jón kom ekki oft heim til föðurlandsins eftir utanför 1833, og þá aðeins til að sækja Alþingi. – Og aðeins einu sinni, 1857, er talið víst að hann hafi komið í kjördæmi sitt, Ísafjarðarsýslu, og þætti ekki gott nú á dögum; hann hefur ekki verið frekur á endurgreiðslu ferðakostnaðar. Ég geymi með mér sögu sem ég hef eftir fyrrverandi ritara forseta Alþingis, konu sem raunar var alin upp nærri því í þinghúsgarðinum í Reykjavík á vegum ömmu sinnar sem átti bernskuár sín á „Gljúfrá“ í Arnarfirði, þeirri jörð sem Jóni forseta var gefin svo að hann hefði kjörgengi til Alþingis. Jón kom á bæ nærsveitis, Steinanes í Arnarfirði, og fann þar gamla konu lasburða í horni og „gleraði í hana af skíta“ eins og komist var að orði. Hinn þrúðbúni heimsmaður spurði: „Eruð þér móðir mín?“ Sú gamla sneri upp á sig og svaraði: „Eitt sinn varst þú frá mér skorinn.“ Þetta var ekkjan Þórdís Jónsdóttir, hálfníræð.

En hvernig skyldi það endurreista Alþingi sem Jón Sigurðsson átti mestan þátt í að móta, hafa staðist og reynst íslensku þjóðinni? Vel, það segja allir. Á löngum forsetaferli hélt hinn reyndi bragðameistari og lærdómsmaður um íslensk stjórnsmál, Ólafur Ragnar Grímsson, 25 sinnum ávarp við setningu Alþingis. Rauði þráðurinn í boðskap hans var ávallt samur og einn: Hér í þessum sal hafa hinar mikilvægustu ákvarðanir verið teknar, þær sem lyftu Íslendingum úr sárri fátækt til bestu lífskjara sem þekkjast. Auðvitað hefur tækni og vísindi, veðurfar, auðlindir og fleira líka haft sín áhrif, og ekki síst menntun þjóðarinnar, en á mestu hefur oltið að úr því öllu væri hyggilega unnið.

Það sækir að mér, þegar nú líður að því að ég kveðji hina öldnu stofnun eftir 40 ára þjónustu, hvernig um hana muni fara á næstu árum. Alþingi sætir nú um stundir harðri gagnrýni, traust til þess sýnist lítið, og sagt er að aldrei hafi annað eins undirmálslið safnast í þingsal og nú er þar. En gagnrýni og vantraust er engin nýlunda, þannig að ástæða sé til að örvænta eða taka til örþrifaráða. Allar götur frá endurreisn þingsins hafa störf þess sætt gagnrýni. Það leiðir af eðli máls að menn hafa ekki ávallt verið sammála um hvað eina. Um gagnrýni og vantraust eru ótal dæmi frá fyrri tíð. Fyrir hálfri öld sátu að dómi margra okkar á þinginu miklir höfðingjar og skörungar. Þá spurði dagblaðið Tíminn nokkra málsmetandi menn þessarar spurningar: Fer virðing Alþingis þverrandi? Já, sögðu allir. Og einn svaraði í styttra máli en aðrir: „Ég er ekki viss um að Alþingi hafi nokkurn tíma notið virðingar.“

Ég tel að enn veljist til starfa á Alþingi gott fólk, yfirleitt. En margir koma þangað óreyndir og með misjafnlega sterkan bakgrunn. Nær allir þroskast þó hratt og hverfa þaðan, sumir snemma, aðrir seint, með dýrmæta lífsreynslu. Verkefni þingsins eru sem fyrr að treysta lífskjör fólksins í landinu og takast á við vanda líðandi stundar, alvöru lífsins. Og þessi viðfangsefni alþingsmanna breytast ekki, eru eilíf og söm. Í þingstörfum fá alþingismenn bestu upplýsingar sem fyrir liggja um mál, hlýða á sjónarmið annarra og taka því að jafnaði yfirvegaðar ákvarðanir. Reyndum þingmönnum, körlum og konum, finnst einatt að það séu einberir viðvaningar sem setjast í sæti þeirra eftir kosningar. En voru þeir ekki líka óreyndir og fákunnandi þegar þeir völdust sjálfir til þingsetu? Mig hefur oft undrað hvað dómar um þingmenn rista grunnt, bæði um manngildi þeirra og störf. Allir hafa nokkuð til síns ágætis, sumir mikið, en aðrir auðvitað minna. Slíkur er þverskurður samfélagsins. Harðir dómar mega ekki verða til þess að varpa skugga á sjálft lýðræðið og þingræðið. Þá kemur eitthvað allt annað og miklu verra í staðinn.

Einn draugur fer þó um þinghúsið og yggir sig í þingsalnum og er mikil nauðsyn að kveðinn verði niður, rotaður í einu höggi, en það er málþóf. Í huga mínum, sem hef unnið í þinghúsinu í áratugi, og stundum þurft að sitja samfelld yfir slíkum draugagangi, er hann tilræði við heilbrigða skynsemi og yfirgangur sem er niðurlægjandi fyrir þingmenn og hina virðulegu stofnun, tilraun til að lama þingið, óbærilegur. Allir flokkar eru sekir í þessu efni. Ég hef mínar skoðanir á því hver sé

rót þessa ósiðar, en umfram allt þarf að afnema hann. Málþóf á ekkert skylt við málfrelsi, ekki frekar en nauðgun við kynfrelsi. Það hefur aldrei hvarflað að nokkrum manni að hefta eðlilegt og sanngjarnt málfrelsi þingmanna og rétt þeirra til að koma skoðunum sínum að. Og mun aldrei verða. Málþóf hefur stundum verið kallað „vopn“ stjórnarandstöðunnar og það mundi raska valdajafnvægi í þingi ef það yrði kveðið niður. En ég hef seint og um síðir áttað mig á því hvílíkur reginmisskilningur það er. Jafnvægið mun aðeins finna sér nýtt og heilbrigðara form, ef óhæfa þessi yrði lamin niður með einu bylmingshöggi, bótalaust. En jafnframt þarf að auka umræðu í þinginu, lifandi umræðu um mál sem ráðherrar og þingmenn taka almennt þátt í.

Alþingi þarf að styrkja, efla sjálfstæði þess, einkum vald og forustu forseta þingsins um allt skipulag þess, afnema úrelt ákvæði í stjórnarskrá um afskipti framkvæmdarvalds af störfum þingsins, ætla málum betri tíma með því að þau falli ekki niður fyrr en við lok kjörtímabils, og fleira mætti nefna. Nú vinnur forusta þingsins og ríkisstjórn að því myndarlega að efla alla aðstoð við þingmenn.

Mig langar svo að lokum að gefa stjórnámálamönnum okkar tíma, og þeim sem koma munu á næstu árum, eitt og aðeins eitt heilræði, sem skilur milli feigs og ófeigs. Kredda mín er þessi: Stjórnámálamenn, standið við loforð ykkar við kjósendur, – en lofið þeim ekki öðru en því sem þið vitið að hægt sé að standa við ef þið setjist í valdastóla á morgun.

Ég kom fyrst í Jónshús seint í september 1975, fyrir 44 árum, með Gerði Guðmundsdóttur. Þá var þar nýkominn til starfa sr. Jóhann Hlíðar, minn gamli Eyjaprestur og lífskúntner. Hann var nýtekinn við umsjónarmannsstarfinu, en var auk þess svolítið framandi ásýndum, kominn með mikla hárkollu á skallann. Hann hafði það oft í flimtingum, og mun m.a. hafa komið á árlega samkomu presta í Reykjavík á nýársdag þetta ár, seint þegar allir voru sestir að borðum í Norræna húsinu, gengið í salinn með sveiflu, lyft hatti sínum og sagt: Gleðilegt hárið, kæru vinir!

Sr. Jóhann var listmálari, og við vegginn í stofu hans hér uppi var mynd sem um stund hafði verið snúið til veggjar. Þetta var sjálfsmynd sem ég mundi eftir frá sýningu hans í Eyjum. Það stóðu yfir endurbætur á myndinni, sem ég sá síðar á vegg, lokkaprúðan prest í hempu og með kraga.

Sr. Jóhann gaf okkur Gerði saman í þessu húsi, við krupum fyrir framan hann og unnum okkar heit. Og hann blessaði okkur. – Ég minnst þess hve ægilegan sinadrátt ég fékk í hægri fótinn svo að ég ætlaði ekki að komast niður stigana af 4. hæð. – Sr. Jóhann var með okkur þetta kvöld, ásamt nokkrum vinum okkar, lék á píanóið og tjúttaði á dansgólfinu, drakk Lúmúmba, romm í kakói. Þetta kvöld verður okkur ógleymanlegt fyrir margra hluta sakir, og þökk sé m.a. séra umsjónarmanni Jónshúss.

Jónshúsi og starfsemi þess óska ég farsældar og velgengni á ókomnum árum.